



SNÆFELLSBÆR

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2
Par sem jökullinn ber við loft... komudagur 17.9.2009

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Snæfellsbæ, 10.09.2009

Efni: Beiðni til fjárlaganefndar Alþingis um að óskert framlag verði til hafnarmála í Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar óskar eftir því að þau fjárframlög sem nú eru á samgönguáætlun til hafnarframkvæmda í Snæfellsbæ verði óskert.

Það er öllum ljóst að mikilvægi hafna í Snæfellsbæ er afar mikið enda byggir samfélagið afkomu sína mest á veiðum og vinnslu sjávarafla. Til að svo geti orði áfram er afar brýnt að halda áfram þeirri uppbyggingu á hafnarmannvirkjum sem hefur verið á undanförunum árum.

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2010 til hafnarmála í Snæfellsbæ.

Virðingarfyllst,

Kristinn Jónasson
bæjarstjóri

Afrit:

Þingmenn Norðvesturkjördæmis.
Samgönguráðuneytið
Siglingastofnun
Samgöngunefnd Alþingis





SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Snæfellsbær, 10.09.2009

Efni: Beiðni til fjárlaganefndar Alþingis um að óskert framlag verði til vegaframkvæmda á Fróðárheiði.

Á þessu ári verður lokið við 4,5 km. vegarkafla á Fróðárheiði sem er annar af þremur áföngum í því verki. Gert var ráð fyrir að í upphafi þessa árs yrði þriðji áfanginn boðinn út en útboðinu hefur verið frestað tímabundið.


Í vegaaætlun var gert ráð fyrir að til framkvæmda á Fróðárheiði á árunum 2008-2010 fari 662 m.kr.. Kostnaðaráætlun fyrir annan áfangann var 236 m.kr. en tilboð verktaka var 193 m.kr..

Þriðji áfanginn er 7 km langur og síðasti áfanginn í því að koma bundnu slitlagi á Fróðárheiði. Rétt er að það komi fram að 600 m.kr. voru eynarmerktar þessu verkefni vegna þörsniðurskurðar sem Snæfellsbær varð fyrir.

Fróðárheiði er mikilvægur innanbæjarvegur fyrir íbúa Snæfellsbæjar og þurfa m.a. sjúkra- og slökkvibífreiddar að nota hann til að þjónusta íbúa. Sem dæmi má nefna að vegalengdin frá Lýsuhólsskóla til Ólafsvíkur er 25 km ef farið er yfir Fróðárheiði, en ef fara yrði fyrir Jökul er hún 70 km.

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2010 til vegaframkvæmda á Fróðárheiði.

Virðingarfyllt,


Kristinn Jónasson
bæjarstjóri

Afrit:

***Þingmenn Norðvesturkjördæmis.
Samgönguráðuneytið
Vegagerðin
Samgöngunefnd Alþingis***





SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Snæfellsbæ 10.09.2009


Efni: Beiðni um framlag á fjárlögum vegna lendingarbóta í Snæfellsbæ.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar leyfir sér að óska eftir að í fjárlögum fyrir árið 2010 verði fjármagni veitt til lendingarbóta að Búðum og á Hellnum í Snæfellsbæ.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar fer hér með fram á það að við gerð fjárlaga fyrir árið 2010 verði veittur styrkur að upphæð kr. 950.000,- vegna lendingarbóta að Búðum og á Hellnum í Snæfellsbæ. Vegna mikils fjölda ferðamanna er nauðsynlegt að halda áfram að auka öryggi þeirra og hafa öryggismál þessara staða í sem allra besta lagi.

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2010 til lendingarbóta á Búðum og Hellnum.

Virðingarfyllst,



Kristinn Jónasson
bæjarstjóri

Afrit:

*Samgönguráðuneytið.
Samgöngunefnd Alþingis.
Siglingastofnun Íslands.
Þingmenn Norðvesturkjördæmis.*

